

Aðalfundur Rekstrarfélags Sarps.
Þjóðminjasafni Íslands, 27. maí 2024 kl. 13.15

- Fundur settur, kjör fundarstjóra og fundarritara:** Ágústa Kristófersdóttir formaður Rekstrarfélags Sarps (RS) setti fundinn kl. 13:15. Fyrsta mál á dagskrá var kjör fundarstjóra og fundarritara. Tillaga var borin upp um að Erla S. Árnadóttir yrði fundarstjóri. Var það einróma samþykkt. Fundarstjóri tók til máls og lagði til að Gerður Róbertsdóttir væri fundarritari sem var einróma samþykkt. Fundurinn var jafnframt fjarfundur gegnum Teams.
- Fundarstjóri tekur við fundarstjórn:** Fundarstjóri lýsti eftir athugasemduum við boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram. Fundarstjóri fór því næst yfir lista fulltrúa aðildarsafna, kosningarétt og umboð.

Mæting sameignaraðila á aðalfund RS 2024				
Heiti safns	Eignarhlut safns	Viðvera á aðalfundi 2024	Nafn þess sem fer með umboð	Með á Teams
Þjóðminjasafn Íslands	32,5	32,5	Þorbjörg Gunnarsdóttir	
Borgarsögusafn (áður Minjasafn Reykjavíkur)	9,0	9,0	Guðbrandur Benediktsson	
Listasafn Íslands	7,0	7,0	Ingibjörg Jóhannsdóttir	
Minjasafnið á Akureyri	6,0	6,0	Haraldur Þór Egilsson	Já
Byggðasafnið Skóggum	4,5			
Menningarmiðstöð Þingeyinga	2,5			
Byggðasafn Skagfirðinga	3,5			
Byggðasafn Árnesinga/Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	2,0	2,0	Lýður Pálsson	já
Listasafn Kópavogs Gerðarsafn	2,0			
Hafnarborg	2,0			
Gljúfrastelinn - hús skáldsins	1,5	1,5		
Menningarmiðstöð Hornafjarðar	2,0			
Síldarminjasafn Íslands	1,5	1,5	Anita Elefsen	Já
Minjasafn Austurlands	1,5	1,5	Elsa Guðný Björgvinsdóttir	ja
Listasafn Reykjanesbæjar	1,5			
Byggðasafn Reykjanesbæjar	1,5	1,5	Eva Kristín Dal	
Safnahús Borgarfjarðar	1,5	1,5	Þórunn Kjartansdóttir	já
Byggðasafn Hafnarfjarðar	1,5			
Nýllstasafnið	1,0			

			Nanna Þóra Áskelsdóttir	
Byggðasafnið Akranesi	1,5	1,5		
Örnefnasafn Árnastofnunar	1,0			
Hönnunarsafn Íslands	1,0			
Byggðasafn Dalvíkurbyggðar Hvoll	1,0			
Tækniminjasafn Austurlands	1,0			
Listasafn Así	1,0			
Byggðasafn Garðskaga	1,0			
Minjasafnið Bustarfelli	1,0			
Byggðasafn Vestfjarða	1,0			
Norska húsið - Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	1,0			
Byggðasafnið Reykjum	1,0			
Minjastofnum Íslands (áður húsafríðunarnefnd)	0,5			
Ljósmyndasafnið Ísafirði	0,5			
Listasafn Árnesinga	0,5			
Minjasafn Egils Ólafssonar Hnjóti	0,5			
Myntsafn Seðlabanka og Þjóðminjasafns	0,5			
Byggðasafn Dalamanna	0,5			
Iðnaðarsafnið á Akureyri	0,5	0,5	Haraldur Þór Egilsson	Já
Landbúnaðarsafn Íslands	0,5			
Samtals	100,0	66,0		

Fundinn sátu einnig:

Sveinbjörg Sveinsdóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Vala Gunnarsdóttir, Rekstrarfélag Sarps.

Ingibjörg Jóhannsdóttir, Björn Steinar Pálmasón og Steinunn Harðardóttir, Listasafn Íslands.
Harpa Þórssdóttir, Þorvaldur Böðvarsson, Þorbjörg Gunnarsdóttir og Ágústa Kristófersdóttir, Þjóðminjasafni Íslands.

Guðný Dóra Gestsdóttir, Gljúfrasteini.

Gerður Róbertsdóttir, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

Þóra Sigurbjörnsdóttir, Listasafni Einars Jónssonar.

Bóel Hörm Ingadóttir, Hönnunarsafni Íslands.

Þórdís Jóhannsdóttir, Hafnarborg.

Erla S. Árnadóttir, LEX.

Mættir á Teams:

Dagný Heiðdal, Listasafni Íslands.

Þorvaldur Gröndal, Borgarsögusafni.

3. **Árskýrsla stjórnar RS:** Ágústa Kristófersdóttir formaður framkvæmdastjórnar RS kynnti skyrslu stjórnar RS árið 2023.

4. Ársreikningar RS: Björn Steinar Pálmasón gjaldkeri kynnti ársreikning RS vegna ársins 2023.
5. Umræður: Fundarstjóri bauð upp á umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Spurningar í framhaldi af kynningu á skýrslu stjórnar og ársreikningi:

Ingibjörg Jóhannsdóttir, Listasafni Íslands spyr um tvennt, annars vegar um töluverða fækken á notendum Sarps og hins vegar um söfn sem kjósa að vera ekki með í Sarpi eins og Listasafn Reykjavíkur og Listasafn HÍ.

Ágústa svarar: Fækken notenda aðallega vegna tiltektar í kerfinu, óvirkir notendur voru teknir út. Seinni spurningunni ekki hægt að svara, óformlega hefur hefur verið rætt við Listasafn Reykjavíkur og safnið fylgist með innleiðingunni og mun kannski bætast í hópinn þegar nýja kerfið verður komið á skrið. Listasafn Háskóla Íslands vissi af Sarpi þegar Listasafnið ákvað að láta smíða/aðlaga eigið kerfi. Önnur eining innan Háskólans er aðili að kerfinu og var lagt í vinnu til að aðlaga gjaldskrá að skipulagi HÍ þannig.

Guðbrandur Benediktsson, Borgarsögusafni spyr um samstarf við MSHL og þau kerfi sem þar hafa hlotið brautargengi eins og bæja og mannanafnata. Hverjar eru hugmyndir um DAM kerfi og rekstur til framtíðar, er áhugi á að reyna að koma Sarpi á fjárlög?

Ágústa Kristófersdóttir svarar. Stjórn Sarps veit um þau kerfi sem verið er að koma af stað og er í tengslum við aðrar stofnanir. Einnig er fylgst grannt með þróun í hinum alþjóðlega tæknheimi svo sem varðandi tengsl MuseumPlus við DAM kerfis framleiðendur, hvert það leiðir verður að koma í ljós en ljóst að einhvers konar DAM kerfi fyrir varðveislu stafrænna menningargagna er hluti af framtíðaráætlunum Sarps.

Menningaryfirvöld vita af þróun Sarps og ráðherra hefur heimsótt rekstrarfélagið. Þar er vissulega áhugi en ekki komnir peningar, umræður hafa átt sér stað um varðveislu stafrænna menningarminja.

Ingibjörg, Listasafni Íslands segir: Viðurkennd söfn fá aðgang sjálfkrafa að gagnagrunnum til dæmis í Finnlandi, Danmörku einnig.

Ágústa svarar: Það er jafnvel talin íþyngjandi skylda í Danmörku að taka upp það kerfi sem yfirvöld bjóða uppá og safnafólk þar misánægt. Kerfið og uppbygging þess í Danmörku hugnast okkur ekki en það var skoðað vel fyrir nokkrum árum síðan. Það er líka kostur að eiga kerfið eins og hér á landi þar sem félagsmenn hafa greiðari aðgang að þróun og uppbyggingu kerfisins. Stjórn og stýring og aðlögun að þörfum mismunandi safna er því meiri hér.

Fundarstjóri bar ársreikninginn upp til samþykktar eða synjunar. Var ársreikningurinn samþykktur einróma.

6. Tillaga um framlag í þróunarsjóð lögð fram. Fundarstjóri kynnti tillögu frambvæmdastjórnar RS um 5 milljóna framlag á árinu 2025,


Umræður um þróunarsjóð.

Guðbrandur Benediktsson spyr um hvaðan framlag í þróunarsjóð komi, hvort það feli í sér aukagjöld fyrir aðildarfélög og hvort til standi að halda áfram að greiða í þróunarsjóð.

Sveinbjörg Sveinsdóttir svarar að framlag í þróunarsjóð sé tekið af rekstrarhagnaði Sarps. Ákvörðun sé tekin á aðalfundi á hverju ári, að tillögu stjórnar, og nú hefur verið safnað í sjóðinn frá 2017. Mikilvægt að halda áfram að safna í sjóðinn, til dæmis til að kosta þarfagreiningu á DAM kerfi og mæta óvæntum útgjöldum vegna innleiðingar nýja kerfisins. Sveinbjörg bætir við að aðild að MSHL, og styrkur úr þeim sjóðum, hafi gert það að verkum að við gátum keypt nýtt kerfi án þess að þurfaað ganga á þróunarsjóð og er félagið því mun betur statt en ella.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

7. **Kosning fulltrúa í fulltrúaráð:** Fundarstjóri kynnti tillögu að skipun fulltrúa í fulltrúaráði og var hún samþykkt samhljóða.
 1. Þorbjörg Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri fjármála- og þjónustu Þjms. Formaður ráðsins
 2. Anita Elefsen, safnstjóri Síldarminjasafns Íslands
 3. Ágústa Kristófersdóttir, framkvæmdastjóri safneignar Þjms.
 4. Berglind Þorsteinsdóttir, safnstjóri Byggðasafns Skagfirðinga
 5. Dagný Heiðdal, sérfræðingur/listfræðingur á Listasafni Íslands
 6. Elsa Guðný Björgvinsdóttir, Minjasafn Austurlands
 7. Gerður Róbertsdóttir, verkefnastjóri munavörslu Borgarsögusafni Reykjavíkur
 8. Steinunn Harðardóttir, forvörður Listasafni Íslands
 9. Þorvaldur Gröndal, sérfræðingur Bogarsögusafni Reykjavíkur
8. **Kosning endurskoðenda:** Fundarstjóri bar upp tillögu um að Halldór Arnarsson, löggiltur endurskoðandi hjá Bakland endurskoðun og ráðgjöf ehf. yrði kosinn endurskoðandi ársreikninga fyrir 2024. Var það samþykkt.
9. **Önnur mál:**
Vala Gunnarsdóttir kynnir verk- og tímaáætlun á nýjum Sarpi: Sarpur 4 staða innleiðingarverkefnis. Gagnaflutningar eru hafnir og munu vera gerðir í nokkrum lotum. Síðasta lotan fyrir síðasta fjórðung næsta árs og þá verður Sarpur 3 frystur, settur í lesham, þá er stopp á skráningum í eina viku.



Liflegar umræður í kjölfarið um yfirfærslu gagna, vatnsmerki og Myndstef.

Ingibjörg Jóhannsdóttir Listasafni Íslands spyr hvaða gögn hafi verið flutt yfir í fyrstu umferð. Vala svarar: Ákveðnir reitir eins og safnnúmer, alla textar, efnisorð, titlar hjá munum og listverkum. Flóknari skrár eins og fornleifar og forvarsla voru ekki flutt í þessari lotu. Eins er ekki farið að setja upp og tengja nafnaskrá og staðaskrá. Stærðir koma ekki strax, ólík viðmið hjá minjasöfnum og listasöfnum.

Ingibjörg Jóhannsdóttir Listasafni Íslands spyr um myndir. Ekki alltaf ánægja, stórt vatnsmerki, verður það áfram? Ágústa svarar: Það þarf að taka upp samtal við menningaryfirvöld og Myndstef. Erlendis eru vatnsmerki horfin en hér er byggt á samningum við Myndstef, þar sem krafan um vatnsmerki kom upphaflega fram.

Guðbrandur Benediktsson spyr hvort allir aðilar séu með samning við Myndstef. Ágústa svarar: Ekki eru öll söfn með samning við Myndstef. Samningur miðast fyrst og fremst við þau söfn sem eru með safnkost í höfundarrétti, myndlist og hönnun,

Guðbrandur Benediktsson spyr hvortnotendur fái aðgang áður til að prófa? Vala svarar: Í lok þessa árs verða komin gögn til að prófa og skoða. Þeir sem tóku þátt í vinnustofum og fleiri fá þá aðgang að kerfinu til að rýna í eigin gögn og sannprófa, koma með athugasemdir og leiðréttингar. Lokayfirfærsla verður á seinni hluta árs 2025 og kerfið opnað í kjölfarið.

Fundi var slitið kl. 14:40.

Erla S. Árnadóttir
Erla S. Árnadóttir, fundarstjóri

Gerður Róbertsdóttir
Gerður Róbertsdóttir, fundarritari